



FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS 2018

Mánudaginn 19. mars 2018 kl. 11:00 var aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð

Mætt voru:

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga frá:

Akranesi
Hvalfjarðarsveit
Borgarbyggð
Skorradalshreppi
Eyja- og Miklaholtshreppi
Snæfellsbæ
Grundarfjarðarbæ
Stykkishólmsbæ
Helgafellssveit
Dalabyggð

Stjórnarmenn:

Ingibjörg Valdimarsdóttir, Akranesi
Brynja Þorbjörnsdóttir, Hvalfjarðarsveit

Starfsmaður: Helgi Helgason framkvæmdastjóri HeV

Ingibjörg valdimarsdóttir formaður Heilbrigðisnefndar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Stakk hún upp á Hrefnu B. Jónsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt. Helgi Helgason ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2017.

Ingibjörg Valdimarsdóttir, formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2017.

Stjórn hélt 6 fundi á árinu, 4 í Hvalfjarðarsveit, einn á Akranesi og einn á Malarrifi.

Að mestu hefðbundin störf s.s. fjárhagsmál, afgreiðsla starfsleyfa og umsagnir um gjaldskrár og samþykktir sveitarfélaga.

Formaður minntist á skýrslu sem lögð var fram til Atvinnu og nýsköpunarráðherra um matvælaeftirlit. Skýrsluhöfundar töldu að allt matvælaeftirlit ætti að færast til Matvælastofnunar. Stjórnin hefði gert sérstaka bókun vegna þessa þar sem hún var ekki sammála skýrsluhöfundum.

Formaður minntist líka á umræður í stjórn vegna reksturs söluvagna matvæla.

Heilbrigðisnefndin fór í tvær skoðunarferðir, aðra í nýja hreinsistöð fráveitu á Akranesi og hina á Arnarstapa og Malarrif.

Skýrslan framlögð og verður send til sveitarstjórna.

2. Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2017.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði í starfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á síðasta ári og önnur mál sem brenna á eftirlitinu í daglegu starfi.

Skýrslan framlögð og verður send til sveitarstjórna.

3. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2017.

Framkvæmdastjóri kynnti helstu lykiltölur í ársreikningi 2017. Ársreikningurinn var lagður fyrir Heilbrigðisnefnd fyrr um daginn og samþykktur samhljóða.

4. Umræður um skýrslu Heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits og ársreikning.

Nokkrar umræður urðu um skýrslu HeV, flestar vegna heimagistingar og þess ósamræmis sem virðist ríkja milli einstaka sveitarfélaga um starfsemi gististaða.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og verður sendur sveitarstjórnnum á rafrænu formi

5. Önnur mál.

Stjórnarformaður lagði fram eftirfarandi tillögur:

Tillaga 1

Tillaga frá formanni um að starfskjör nefndarinnar verði í samræmi við ákvörðun aðalfundar SSV sem haldinn var 29. mars .s.l. (sbr. 7. liður í fundargerð aðalfundar SSV). Tillaga: 1. Laun stjórnar skulu nema 2.5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 5% af þingfararkaupi á hvern stjórnarfund. 2. Laun stjórnarmanna fyrir aðra fundi sem sóttir eru skulu nema 1.66 % af þingfararkaupi. 3. Stjórnarmenn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað. Auk þess fá þeir greiddan helming af dagpeningagreiðslu (innanlands) fyrir hvern fund.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga 2

Tillaga frá formanni um að framhaldsaðalfundur verði haldinn eftir kosningar í vor og verði hann haldinn eigi síðar en 1. september. Á dagskrá fundarins verði kosningar til stjórnar og önnur mál.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga 3

Tillaga frá formanni um að stjórn Heilbrigðisnefndar Vesturlands haldi umboði sínu fram að framhaldsaðalfundi HEV 2018.

Samþykkt samhljóða.

Formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og sleit fundi kl. 12:00.